

### **93. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, 10.10.11 kl. 16.30 í Iðu á Selfossi.**

Mætt: Þór Hreinsson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj. Bjarni Kristjánsson og Vilborg Jóhannsdóttir, fulltrúar Fjölmenntar, sátu fundinn undir lið 1.

#### **Dagskrá:**

##### 1. Erindi frá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Bjarni Kristjánsson og Vilborg Jóhannsdóttir frá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, komu á fundinn og kynntu fyrir stjórn erindi þess efnis að Fræðslunetið taki yfir starfsemi Fjölmenntar á Selfossi. Stjórn FnS tekur vel í erindið og felur framkvæmdastjóra að undirbúa frekara samstarf og samninga við Fjölmennt á þeim grunni sem rætt var um á fundinum.

##### 2. Nýr samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum.

Framkvæmdastjóri kynnti. Endanlegur samningur liggur ekki fyrir en von er á honum fljótlega. Hann verður þá sendur stjórn til yfirlestrar. Stjórn gerir ekki athugasemdir við þau drög sem fyrir liggja.

##### 3. Skipulagsskrá Fræðslunetsins

Framkvæmdastjóri kynnti. Í skipulagsskránni er gert ráð fyrir þjónustu við háskólanám, en Fræðslunetið sinnir ekki lengur slíkri þjónustu. Nauðsynlegt er að breyta skipulagsskránni í samræmi við starfsemina. Stjórn samþykkir þá breytingu fyrir sitt leyti. Einnig þarf samþykki stofnaðila og innanríkisráðuneytisins fyrir stofnskrárbreytingum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka málinu.

##### 4. Ný starfsstöð á Hvolsvelli

Framkvæmdastjóri kynnti. Ánægja er með starfsemi á nýrri starfsstöð á Hvolsvelli og aðsókn góð. Stjórn fagnar velgengni nýrrar starfsstöðvar og þróun mála austan Þjórsár .

##### 5. Ný starfsstöð í Sandvíkurskóla

Námsráðgjafar FnS. hafa flutt úr Glaðheimum yfir í Sandvíkurskóla. Þar hafa þeir betri aðstöðu og eru ánægðir með breytinguna. Þessu fylgir aukinn, óhjákvæmilegur kostnaður.

## 6. Kjarasamningar 2011.

Framkvæmdastjóri kynnti. Nýir kjarasamningar gera ráð fyrir 4,25% launahækkun frá 1. júní. Hækkanir rúmast að mestu innan fjárhagsáætlunar.

## 7. Haustönn 2011, þátttaka á námskeiðum o.fl.

Í heildina er námskeiðssókn svipuð og verið hefur. FA námskeiðin hafa öll komist á koppinn. Núna er 431 nemandi á námskeiðum. 71 er á stóru námskeiðunum, sem er meira en verið hefur.

## 8. Önnur mál.

a) Umræða um akstursmál.

b) Staða símenntunarstöðvar Hornfirðinga rædd.

Engin önnur mál voru á dagskrá. Fundi slitið kl. 18.55.